



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## FORSETAHJÓNIN HEIMSÆKJA ÖLFUS

Forseti Íslands Guðni Th. Jóhannesson og frú Eliza Reid halda í opinbera heimsókn til Ölfuss mánudaginn 7. júní og stendur heimsóknin í einn dag. Þann dag kynna þau sér ýmsa starfsemi í sveitarfélaginu og heimsækja grunnskólann, fyrirtæki og stofnanir.

Heimsókn forsetahjónanna hefst í Herðisarvík kl. 10 að morgni mánudagsins þar sem bæjarstjóri Ölfuss, Elliði Vignisson, tekur á móti þeim ásamt Gesti Þór Kristjánssyni, forseta bæjarstjórnar. Því næst verður fiskeldið Laxar sótt heim þar sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins, Jens Garðar Helgason, kynnir starfsemina auk þess sem Ingólfur Snorrason og Halldór Ólafur Halldórsson segja frá fiskeldisstöðinni Landeldi.

Klukkan 11:40 verða forsetahjónin viðstödd vorhátíð Grunnskóla Þorlákshafnar. Ólína Þorleifsdóttir skólastjóri tekur á móti gestum og þar verða fjölbreytt tónlistaratriði og veitingar í boði auk þess sem forsetinn ávarpar viðstadda og færir sveitarfélaginu gjöf.

Eftir hádegi heimsækja forsetahjónin hafnarskrifstofur Þorlákshafnar þar sem Hjörtur Jónsson hafnarstjóri tekur á móti þeim og kynnir fyrir þeim framtíðaráform um stækkun hafnarinnar. Að því loknu halda forsetahjónin að Egilsbraut 9 þar sem dagdvöl eldri borgara er staðsett. Forsetahjónin kynna sér starfið þar, þiggja kaffi og spjalla við viðstadda.

Síðasti viðkomustaður forsetahjónanna er Hjallakirkja, sögufrægur staður þar sem Skapti Þóroddsson lögsögumaður bjó á 11. öld og síðasti kaþólski biskupinn í Skálholti var handtekinn árið 1541. Formaður sóknarnefndar, Hjörleifur Brynjólfsson, tekur á móti gestunum og segir frá staðnum. Gildandi sóttvarnareglum verður fylgt þar sem það á við.

4. júní 2021

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (s. 540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249), Arni Sigurjónsson skrifstofustjóri (892 4946) og Elliði Vignisson bæjarstjóri Ölfuss (690 1599).*